

Starfshópur um samræmd próf

29. ágúst 2018

Frásögn af fyrsta vinnufundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Helgi Arnarson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þórður Kristjánsson.

Á fundinum var rifjað upp hlutverk og viðfangsefni starfshópsins sem ætlað er að gera tillögu að framtíðarstefnu um a) markmið, b) hlutverk, c) framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Hópurinn mun skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008 og greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda.

Rætt var um verklag og verkþætti og ýmis mál sem tengjast viðfangsefninu, m.a. viðhorf kennara, birtingu niðurstaðna, fjölmiðlaumfjöllun og áhrif hennar, lagaramma fyrir einstaklingsmiðuð próf, persónuverndarsjónarmið og kostnað við framkvæmd prófanna. Þá var rætt um að gott væri að gera sem fyrst drög að efnisgrind skýrslunnar sem verður lokaafurð og einnig um verkefnisáætlun og einstaka þætti hennar.

Niðurstaða og ákvarðanir

Ákveðið var:

- að safna gögnum í sameiginlegt fellibox og mun SKS skipuleggja boxið til að byrja með og senda bæði aðalmönnum og varamönnum aðgang að því,
- að funda u.þ.b. vikulega meðan unnið er að verkefninu,
- að mtn. tæki saman gögn sem varða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi,
- að safna saman efni sem nýtist í vinnuna í felliboxið, bæði fræðilegum greinum, ábendingum um bækur og efni sem tengist viðfangsefninu
- að skiptast á að lesa efnið og draga saman aðalatriði þess,
- að MMS kynnti á næsta fundi hvernig staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda

Næsti fundur fer fram 5. september 2018 í fundarsal hjá Menntamálastofnun og þar verða skoðuð samanagerðargögn.

SKS/2018